

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Kotstún og landnotkun sunnan Menntaskólatúns á Laugarvatni, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 8,7 ha landbúnaðarsvæði á Kotstúni, breytist í blandað verslunar- og þjónustusvæði og athafnasvæði. Jafnframt minnkar íbúðarsvæði sunnan Menntaskólatúns úr 12,1 ha í 8,1 ha til samræmis við gildandi deiliskipulag og stækkar því opið svæði til sérstakra nota að sama skapi. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu Kotstúns við Laugarvatnsveg og tveimur undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. júní 2010.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Íris Bjargmundsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2010